Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

17. tbl. Þriðjudagurinn 25.4. 1978 7. árgangur Verð kr. 80.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Yasser Arafat: „Hanoi palestinsku byltingarinnar..."



Yasser Arafat

Á pólitískum fundi sem haldinn var í Beau Rivage Hotel í Beirut 16. mars, í tilefni þess að ár var liðið frá morðinu á líbanska þjóðarleiðtoganum Kamal Jumblatt, sagði Yasser Arafat: "Við þetta tækifæri er ég hreykinn af að segja ykkur frá því að hinn sameinaði Líbanski-Palestínski her Kamal Jumblatt berst nú einn í Suður-Líbanon, til þess að suðrið verði áfram líbanskt og arabískt, fyrir því markmiði sem Kamal Jumblatt dó fyrir.

Bardagarnir halda áfram, þvert ofan í staðhæfingar hryðjuverkamannsins Begin, og í nafni þessara herja býð ég þessa bardaga velkomna svo okkur megi takast að hrinda samsæri því sem Carter og Begin hafa bruggað gegn Suður-Líbanon".

Arafat sagði enn fremur: "Þeir munu aðeins komast áfram þar sem líkamar okkar liggja dauðir. Það getur verið að þeir geti komist inn í Suður-Líbanon svo lengi sem þeir eru studdir bandarískum Phantomum, Pattonum og bandarísku skipulagi og samsærum á þessu svæði. Samt sem áður og lang mikilvægast: Þessir sameinuðu herir í Líbanon sem berjast gegn ameríska og ísraelska óvininum munu halda áfram að vera hinn lýsandi kyndill sem segir NEI við útsendarana og einangrunarsinnana og JÁ við hinu framsækna, þjóðlega, arabíska Líbanon og JÁ við palestínsku byltingunni".

Og áfram: "Við megum ekki gleyma að við og LNM (Þjóðlega hreyfingin í Líbanon) erum í sömu skotgröfinni einir en við erum risar og megi Carter og Begin skilja það. Samsærið hefur verið afhjúpað og palestínska byltingin og LNM munu hafna allri eftirgjöf sem reynt er að þröngva upp á þá, hverju sem heimsvaldasinnarnir og árásaraðilarnir reyna að þröngva upp á okkur"!

"Terroristinn Begin og

Framhald á baksíðu

Undansláttur og eftirgjafir verkalýðsforystunnar

Menn velta því nú orðið fyrir sér hvað felst í öllum þeim harðorðu yfirlýsingum, ályktunum og samþykktum sem frá verkalýðsforystumönnunum fara. Ætla þessir menn sér raunverulega að heyja baráttu fyrir því að launafólk endurheimti sín réttilegu laun og gegn því að ráðist sé með lög-og valdboði að samningsog verkfallsrétti í landinu?

Svo virðist ekki vera því andstaða þessara manna við auðstéttina og ríkisvald hennar er einungis í munninum á þeim og gagnaðgerðir sem þeir standa fyrir virka í raun meira sem sýndar-og auglýsingastarfsemi en sem baráttuaðgerðir í því skyni að ná árangri. Hvar í flokki sem þeir standa, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki, Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki eða Samtökunum, hafa menn á allan mögulegan hátt reynt að notfæra sér stöður sínar í verkalýðshreyfingunni, sér og sínum pólitíska flokki til framdráttar. Verkalýðsforkólfar stjórnarflokkanna hafa að sjálfsögðu gert sitt til þess að ólögin næðu fram að ganga, snúist gegn réttlátri baráttu verkalýðsins og gengið manna lengst í stéttsvikunum.

Kratar hófu þegar í stað úrtöluherferð gegn baráttustefnu í verkalýðshreyfingunni og gerðu sitt til að sundra undir merkjum "umhyggjunnar" fyrir verkalýðnum. Þannig var og er ætlun þeirra að hagnast sjálfir á stéttaátökunum, auðvitað á kostnað verkalýðsins.

Dæmi um þetta er Karl Steinar Guðnason frá Keflavík og varaformaður Verkamannasambandsins.

Hinir yfirlýstu "sósíalistar" Alþýðubandalagsins hafa verið manna harðorðastir og sýnst vera skeleggastir til baráttunnar. Menn muna eflaust að ekki voru menn fyrr farnir að ræða um ólögin en Þjóðviljinn var orðinn fullur af greinum um "að fólk skyldi nú muna eftir kjörklefanum í vor, þar gæfist mönnum tækifæri á því að hefna harma sinna". Að sjálfsögðu með því að kjósa AB -. AB hefur nú meirihluta í miðstjórn ASÍ, það hefur menn í stjórnum fjölmargra verkalýðsfélaga, þingmenn og dagblað. Og svo rembast allar þessar einingar AB eins og rjúpan við staurinn, að auglýsa flokkinn sinn í stað þess að stofna til raunhæfrar og árangursríkrar baráttu gegn auðvaldinu. Hagsmunir AB eru hiklaust settir ofar hagsmunum verkalýðsins.

Verkalýðsforingjar AB hafa ekki staðið við samþykktir sinna verkalýðsfélaga um að beitt skyldi hörðustu aðgerðum ef til kjaraskerðinga kæmi.

Þeir hafa þvert á móti staðið fyrir mjög vægum gagnaðgerðum, tveggja daga allsherjarverkfalli í mótmælaskyni og svo útskipunarbannið sem Verkamannasambandið setti á en þar er Guðmundur J. Guðmundsson formaður. Áður en útskipunarbannið hafði komið til framkvæmda hafði Guðmundur lýst því yfir í sjónvarpi að ef frystigeymslur myndu fyllast hjá frystihús-

Framhald á síðu 3

Gegn Nato gegn Sovét

Baráttan gegn sovésku heimsvaldastefnunni var hafin af KSML um það bil árið 1972.

Síðan þá hefur þessi barátta eflst og skemmst er að minnast aðgerða SHA 21. ágúst s.l. sem sýna að baráttan gegn sovésku heimsvaldastefnunni á öflugan hljómgrunn.

Tvennt er athyglisvert varðandi viðbrögð við þessari baráttu. Íhaldsmenn héldu sig sjá þarna bandamann í baráttunni gegn Sovétríkjunum, sem þeir álíta enn baráttu gegn sósíalisma. Vissulega má ekki horfa fram hjá andstöðu "hægri"manna við Sovétríkin en hafa ber í huga að þeir heyja þessa baráttu af hundflatri tryggð við bandarísku heimsvaldastefnuna og af því þeir halda sig berjast gegn sósíalisma.

Hitt voru viðbrögð Alþýðubandalagsins. Á þess máli hét þetta stuðningur við NATO...

Fljótlega kom þó í ljós að báðar kenningarnar voru rangar. Marxistar hófu baráttuna gegn sovésku heimsvaldastefnunni innan Samtaka herstöðvaandstæðinga undir vígorðinu: "Gegn allri heimsvaldastefnu - Gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna.

Að gleyma NATO

Undanfarið hefur borið á því meðal erlendra marxískra-lenínískra hreyfinga að baráttan gegn NATO er látin víkja fyrir baráttunni gegn rússnesku heimsvaldastefnunni.

Þannig er farið með einn flokk á Norðurlöndum. Á 1. maí n.k. eru eðlilegar kröfur gegn heimsvaldastefnu Sovétríkjanna í aðalkröfunum en ekki hins vegar gegn veru

Framhald á síðu 2

Fjölmennum í 1. Mai aðgerðir Baráttueiningar og Rauðrarverkalýðseiningar

Safnast verður saman á Hlemmtorgi kl. 13:30. Þaðan verður gengið niður Laugaveg og haldinn útifundur við Miðbæjarskólann. Ávörp þar flytja Benedikt Kristjánsson verkamaður frá Kommúnistaflokknum, Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur frá Fylkingunni og fulltrúi frá Rauðsokkum, Guðrún Ögmundsdóttir. Þá verða flutt ávörp og skemmtiatriði.

SJÁ BAKSÍÐU UM MEGINKRÖFUR

Innifundur í Þjóðleikhúskjallarunum

Kl. 16:00 mun Kommúnistaflokkurinn verð með innifund í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar verða flutt ávörp og skemmtiatriði.



Frá einum hinna fjölmennu útifunda Baráttueiningar 1. maí

LEIÐARI

Samstaða um aðgerðir 1.mai

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins fylkir baráttufús verkalýður Reykjavíkur liði undir merkjum Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar 1. maí 1978. Aðstandendur beggja þessara aðila leggja áh áherslu á að eining, samstaða og skipulagning verkalýðsins sjálfs á grundvelli stettabarattunnar er forsenda þess að hægt sé að hnekkja kjaraskerðingarsókr auðvaldsins og ríkisvalds þess. Í viðleitni sinni til að skapa þessa einingu hefur verkalýðurinn hvað eftir annað rekið sig á vegg þeirrar stéttasamvinnu sem forysta ASÍ rekur. Það er stéttasamvinnan sem er sundrungaraflið í verkalýðshreyfingunni í dag og þeir menn sem hana reka eiga traust verkalýðsins ekki skilið. Þeir munu svíkja verkalýðinn með þjónkun sinni við auðvaldið eins og svó oft áður . Þessvegna er verkalýðnum brýn nauðsyn að taka hönd um saman í barattunni gegn stéttasamvinnu ASÍ forystunnar og í baráttu fyrir því að gera verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum. Það er kominn tímí til að verkalýðurinn taki stjórn stéttarfélaga sinna í sínar eigin hendur og hreki sundrungaröflin, svikula og einræðissinnaða "verkalýðsforingja" af höndum sér.

Ennfremur leggja Baráttueining og Rauðverkalýðseining áherslu á að ekki verði hvikað fra þeirri stefnu að greidd verði lífvænleg laun fyrir fjörutíu stunda vinnuviku. Það er lífsnauðsyn verkalýðnum, vegna kjara-, félagslegra og heilbrigðissjónarmiða að geta framfleytt sér af dagvinnunni einni saman. Þetta er þannig einnig krafa um mannréttindi verkalýðnum til handa, rettinn til hvíldar, réttinn til samvista við fjölskyldu og rèttinn til baráttu. Forysta ASÍ hefur vegna stéttasamvinnu sinnar við auðvaldið ekki megnað að leiða neina baráttu fyrir þessari kröfu en þess í stað stefnt í þveröfuga att, til meiri þrældóms, lengrii vinnudags og aukins alags á verkalyðinn. Sem dæmi um þessa stefnu er að verkalýðsforystan styður aukið vinnuálag í vormi bónus - og akkorðskerfa. og gengur út frá því í samningum að verkafólk eigi að lifa af yfir- og næturvinnu. Þetta sannaðist berlega í ríkisstjórnartíð hinna svokölluða verkalýðsflokka. Verkalýðurinn verður því að taka upp einarða baráttu gegn þessari stefnu og má ekki láta glepjast af skrum áróðri "verkalýðsflokkanna svokölluðu, sem miða aðeins að því að setjast í ríkisstjórnarstólana að nýju. Breytum verkalýðshreyfingunni í baráttutæki í höndum verkalyðsins sjálfs.

Auk þessara brýnustu baráttumála verkalýðsins; leggur KFÍ/ML sem stendur að Baráttueiningu áherslu á baráttuna fyrir úrsögn ÍSlands ur NATO og brottrekstri hersins af íslenskri grund. Við teljum að vera bandaríska hersins á Miðnesheiði og aðildin að NATO sé ógnun við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og jafnframt ógnun við hlutleysi og öryggi hennar, komi til heimsátaka. Íslensk alþyða hefur ekki áhuga á því að verða fallbyssufóður stórveldanna USA og Sovétríkjanna. Nátengd þessari baráttu er baráttan gegn allri heimsvaldastefnu. Til að ná markmiði sínu verður íslensk alþýða að sýna fulla samstöðu með þjóðfrelsisöflum heimsins í barattunni gegn heimsvaldastefnu hvarvetna og í hverskonar mynd sem hun virtist.

Auk Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðshreyfingar tekur Rauðsokkahreyfingin þátt í aðgerðunum. Til að ná jafnrétti verður að leggja áherslu á að kvennabaráttan sé stettabarátta. Nauðsynlegt er að skapa samstöðu verkakvenna og verkakarla í stettabarattunni. Það misrétti sem hér ríkir til starfs og launa er auðvaldinu einu í hag. Brýnustu hagsmunamál verkakvenna í dag eru launajafnrétti og atvinnuöryggi og liður í þessu er barattan fyrir nægri og okeypis dagvistun.

Verkakonur hafa löngum verið láglaunahópur og buið við lítið atvinnuöryggi. Þessi sérstaka kúgun á verkakonum er bein árás á verkalýðsstéttina sem heild. Því verður hún að standa saman gegn þessu. Verkakarlafélög verða að styðja eindregið baráttu verkakvennafélaga fyrir jafnrétti á vinnumarkaðinum.

Sökum mikilvægis þessara baráttumála lagði Kommúnistaflokkur Íslands áherslu a að skapa sem víðtækasta samstöðu. Þetta tókst eins og að ofan kemur fram. Í ár sameina Barèttueining og Rauð verkalyðseining aðgerðir sínar og auk þess mun Rauðsokkahreyfingin taka þátt í þessum aðgerðum. Þessi samstaða er mikill sigur í baráttunni gegn stéttasamvinnustefnu ASÍ-forystunnar. Samstaðan í ár brynir okkur til að ná enn víðtækari samstöðu í framtíðinni, því samstaðan ein færir okkur sigur.

Mótmæli vegna veisluhalda þingmanna

Fyrir skemmstu mótmæltu verkamenn að Sigöldu veisluhöldum, sem stjórn Landsvirkjunar hélt fyrir þingmenn og ráðherra, auk ýmissa annarra embættismanna, ásamt mökum, en veisla þessi var haldin sumardaginn fyrsta. Var þess krafist af stjórn Landsvirkjunar, að hún aflýsti átveislu embættismannanna. Um ástæðuna fyrir mótmælunum segir m.a. í samþykkt verkamannanna:

"Veislan er umfangsmikil og kostnaður skiptir milljónum króna. Á sama tíma og forráðamenn þjóðarinnar lögþvinga meginþorra landsmanna til að taka á sig launalækkun ætlar Landsvirkjun, sem að hálfu er eign ríkisins og að hálfu Reykjavíkurborgar, að sóa milljónum af rekstrarfé sínu í lúxus fyrir fámennan forréttindahóp.

Við mótmælum því harðlega að standa undir kostnaði að veisluhöldum sem þessum með skattfé okkar. Við höfum nóg með að vinna fyrir daglegu brauði, sem sífellt rýrnar, þótt við séum ekki að hafa óþurftardekurbörn á framfæri okkar í ofanálag."

Að þessari samþykkt stóðu 46 af 60 starfsmönnum hjá Sigöldu, en flestir þeirra, er ekki tóku þátt í mótmælum þessum voru ýmist verkstjórar eða "fræðingar" á ýmsum sviðum.

Sama dag og umrædd veisla var haldin gerðu starfsmenn álversins, sem mættir voru til vinnu þá um morguninn, með sér samþykkt þar sem þeir lýstu yfir stuðningi við mótmæli við stéttarbræðra sinna að Sigöldu. Þátttaka í þeirri samþykkt var mjög góð, en um 60 verkamenn skrifuðu undir þessa stuðningsyfirlýsingu. Í samþykktinni frá starfsmönnum álverksmiðjunnar segir m.a.:

Framhald á síðu 3

Gegn Nato - gegn Sovét

Framhald af forsíðu

viðkomandi lands í NATO.

Rökstuðningur þessa (tekinn úr málgagni flokksins) eru tilvitnanir í 5. bindi Maós, þess efnis að ekki megi berjast á tveimur vígstöðvum samtímis.

Af þessu, þar sem Maó fjallar um innanlandsástand á tilteknum tíma í Kína, leiðir félaginn það að baráttan gegn NATO sé "annars flokks" en alla áherslu beri að leggja á baráttuna gegn sovésku heimsvaldastefnunni. Í samræmi við þetta eru kröfur gegn Sovét (einkum framferði þeirra í Afríku) í kröfugrundvelli 1. maí göngu þessa flokks en engin gegn NATO.

Deila Kínverja og Albana

Ljóst er að deila Kínverja og Albana hefur valdið þessum tilhneigingum sumra evrópskra kommúnista til að vanmeta eða jafnvel fella niður baráttuna gegn NATO.

Deilurnar snúast um kenningu Maós um þrískiptingu heimsins og gengur hann þar út frá þeim fjórum megin móthverfum sem einkenna heimsástandið. Þær eru:

1. Móthverfan milli alþýðu nýlendnanna og ófrjálsu landanna annars vegar og heimsvaldastefnunnar og sósíalheimsvaldastefnunnar hins vegar.
2. Móthverfan milli öreigastéttarinnar og borgarastéttarinnar í auðvaldslöndunum og endurskoðunarsinnuðulöndunum.
3. Móthverfan milli auðvaldslandanna innbyrðis og milli auðvalds landanna og endurskoðunarsinnuðu landanna.
4. Móthverfan milli sósíalísku ríkjanna annars vegar og auðvaldslandanna og endurskoðunarsinnuðu landanna hins vegar.

Samkvæmt þessu skiptir Maó heiminum í þrennt:

1. Meiriháttar heimsvaldaríki (1. heimur) Sovétríkin og Bandaríkin.
2. Minniháttar heimsvaldaríki (2. heimur) Evrópa, Japan og Kanada.
3. Nýlendur og ófrjáls lönd (3. heimur) Asía utan Japan, öll Afríka og Suður-Ameríka.

Albanir hafa afneitað þessari kenningu og vilja leggja höfuðáherslu á andstöðuna við NATO, þeir neita að nookur þriðji heimur sé til og að nokkur samfylking alþýðunnar gegn risaveldunum komi til greina. Heimarnir séu aðeins tveir, sósíalíski heimurinn og auðvalds, og grundvallarmóthverfan sé ein, verkalýðsstétt og borgarastétt.

Hinn öfginn er sú stefna sem tekin hefur verið upp af sumum M-L samtökum í Evrópu þ.e. að draga úr baráttunni gegn NATO og einskorða sig við baráttuna gegn Sovét.

Kommúnistaflokkur Íslands ML álýtur skilgreiningu Maós vera rétta og þess vegna leggur flokkurinn áherslu á samfylkingu alþýðunnar í heiminum undir forystu 3. heimsins gegn báðum risaveldunum.

Hvað um Ísland?

Engar raddir innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar hafa enn efast um réttmæti baráttunnar gegn veru Íslands í NATO a.m.k. ekki opinberlega.

Vert er þó að ræða aðeins baráttuna gegn risaveldunum.

Það er ljóst að barátta gegn aðeins öðru risaveldinu er stuðningur við hitt. Baráttan gegn öðru risaveldinu má ekki verða til þess að draga úr baráttunni gegn hinu risaveldinu.

Einkum er þessi tilhneiging til í þá átt að dregið er úr baráttunni gegn hernum og NATO og lögð aðaláhersla á baráttuna gegn sovésku heimsvaldastefnunni.

Sovéska heimsvaldastefnan er hættulegri því hún er í sókn, sú bandaríska á í vaxandi erfiðleikum. En á Íslandi er bandaríska heimsvaldastefnan nærtækari óvinur, hún er stödd hérna. Því er sú barátta höfuðhlið andheimsvaldasinnuðu baráttunnar á Íslandi.

Vegna hennar má þó ekki vanmeta baráttu gegn sovésku heimsvaldastefnunni heldur heyja hana jafnframt baráttu gegn hernum og NATO og það innan Samtaka herstöðvaandstæðinga, sem er rétti vettvangur andheimsvaldabaráttunnar á Íslandi.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10, Hellissandi og Gísli Hjaltason pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

● Akureyri: Jón Atli Jatvarðsson, Skarðshlíð 30.

● Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff, Silfurbraut 2.

● Vestmannaeyjar: Helga Jónsdóttir, Brekastíg 24 b 900 Vestmannaeyjum.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

Dufþakur

1.maí fyrir 55 árum

Á fyrsta maí, alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, fylkir vinnandi fólk liði og ber fram brýnustu kröfur, er snerta réttinda- og hagsmunamál þess. 1. maí hefur verið tengdur baráttumálum hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar í nærfellt eina öld. Það var á alþjóðaráðstefnu verkamanna í París árið 1889, sem 1. maí var gerður að sameiginlegum kröfudegi verkalýðsins um allan heim.

1923 var í fyrsta skipti farin kröfuganga á 1. maí hér á landi. Upphaf þess er, að Hendrik Ottósson flutti tillögu í fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík þess efnis, að íslenskur verkalýður færi í kröfugöngu þennan dag til að sýna samstöðu með erlendum stéttarbræðrum. Tillaga þessi var samþykkt eftir nokkurt þó þar sem sumir fundarmanna töldu, að hér væri um grímuklæddan kommúnisma að ræða. Auk Hendriks, voru Ólafur Friðriksson og Þuríður Friðriksdóttir kosin í undirbúningsnefnd. Meðal krafna, sem borin voru þennan dag má nefna: Framleiðslutækin þjóðareign. Atvinnubætur gegn atvinnuleysi. Fullnægjandi alþýðutryggingar. Enga skatta á þurftarlaun. Engan réttindamissi vegna fátæktar. Holla mannabústaði. Rannsókn á Íslandsbanka.

Eins og sjá má er hér ein krafa sem enn heldur gildi sínu, nefnilega krafan um enga skatta á þurftarlaun.

En það var ekki auðvelt verk að taka þátt í 1. maí kröfugöngu eins og nú. 1. maí var þá ekki orðinn lögboðinn frídagur og þeir sem tóku þátt í slíkri göngu áttu á hættu að missa vinnuna. Hendrik Ottósson lýsir þessu ástandi all vel í bók sinni, Vegamót og vopnagnýr:

"Að morgni hins 1. maí fóru sendiboðar til þess að hvetja verkamenn og konur til þátttöku. Þetta var erfitt verk og óvinsælt, því atvinnuleysi var og lítið til hnífs og skeiðar hjá alþýðu. Fólk sem fór úr vinnu vissi gerla, að það átti ekki apturkvæmt. Bezt gengu fram konur úr Verkakvennafélaginu, en móttökurnar, sem þær fengu voru misjafnar. Atvinnurekendur höfðu skipað verkstjórum að reka hverja þá stúlku, sem færi úr fiskvinnu þennan dag. Sumir verkstjórarnir gerðu meira. Þeir tóku á móti konunum með ókvæðisorðum, jafnvel formælingum og klámi. Móðir mín varð fyrir því, að verkstjóri kastaði að henni hörðum saltfiski og skipaði starfsfólki sínu að gera hið sama. Konurnar létu samt ekki bugast, heldur fóru á hvern einasta vinnustað. Sumstaðar gekk fólk frá vinnu og þegar verkstjórar tilkynntu því skipanir atvinnurekenda, svaraði það því einu til, að það myndi þá taka afleiðingunum.

Skylt væri að halda á lopti minningu allra þeirra verkamanna og kvenna, umkomulítils almúgafólks, sem þennan dag gekk frá vinnu sinni til þess að taka þátt í hátíðarhöldunum og gekk í kröfugöngu um götur Reykjavíkur. Það var stórt spor, sem það steig. Það gat kostað það atvinnuleysi og hungur og allskonar ofsóknir. Aðalmálgagn yfirstéttarinnar sýndi 1. maí fullan fjandskap. Það varð síðar að gefast upp fyrir voldugri hreyfingu fólksins."

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Er útflutningsbann öflug aðgerð

Í síðasta tbl. Stb. bar ein greinin yfirskriftina: "Útflutningsbann er öflug aðgerð". Ég verð að játa að mér brá svolítið þegar ég sá þessa fyrirsögn vegna þess hvernig stéttsvikarar eins og Gvendur jaki hafa staðið að málum í þessari aðgerð eins og svo oft áður. Virðist mér að hann hafi afhjúpað sig rækilega í þetta sinn svo ekki sé kveðið sterkar að. Mér datt því í hug að greinarhöfundur hafi meint að útflutningsbann gæti verið öflug aðgerð, t.d. ef aumingjar stæðu ekki að banninu en nú hafa forvígismenn þess eins og kunnugt er leyft undanþágur víðs vegar um landið og gæti það jafnvel endað með því að þeim yrði ekki stætt á að halda til streitu annars staðar, t.d. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Virðist mér að mjög illa hafi verið staðið að málum og er ég ekki einn um þá skoðun; ég veit um marga verkamenn (bæði hafnarverkamenn og aðra) sem er eins innanbrjósts. Mér finnst sem sagt að greinarhöfundur ætti að benda á þetta. Til að forðast misskilning vil ég taka fram að ég er sammála greinarhöfundi í ýmsum atriðum, svo sem því að bannið á fullan rétt á sér sem slíkt en það er bara þetta að mér finnst að forvígismenn þess hafi séð til þess að það muni ekkert hafa að segja. Og að lokum: Það má að vissu leyti segja að þetta bann sé ein tegund skæruverkfalla. Verkafólk. Látum ekki Gvend jaka og co. eyðileggja baráttuna. Skipuleggjum skæruverkföll um allt land.

Glaðvakandi

Vinnuálag unglinga

Dagblaðið

Kaupamenn vinsælastir á aldrinum 13-16 ára

„Það er nú ekki mjög mikið enn sem komið er að spurt hefur verið um sveitapláss fyrir unglinga," sagði Guðmundur Jósafatsson fulltrúi hjá Búnaðarfélagi Íslands i samtali við DB. Menn vita líka að það er ekki til neins að spyrja eftir sumarvinnukrafti. En undanfarin ár hafa fjölmargir unglingar komizt í sveitavinnu fyrir okkar milligöngu. Ég býst alveg við að svo verði einnig í ár," sagði Guðmundur.

— Hvaða aldurshópar eru vinsælastir?

„Það eru þessir á aldrinum 13, 14, 15 og 16 ára".

— Eru stelpurnar jafn gjaldgengar og strákarnir?

„Það má vel vera en það er nú meira af strákum sem beðið er um en stelpum. En stelpur geta gengið að sveitavinnu alveg eins og strákar og standa strákum svona nokkurn veginn á sporði. Ef þær fara á vélarnar eru þær kannske heldur gætnari en strákarnir," sagði Guðmundur Jósafatsson.

Þeir unglingar sem hafa áhuga á að komast í kaupavinnu í sumar geta látið skrá sig hjá Búnaðarfélaginu í Bændahöllinni og þeir bændur sem vilja ráða til sín röska sumarvinnumenn eða konur geta sömuleiðis snúið sér til Guðmundar í Bændahöllinni.

-A.Bj.

Meðfylgjandi grein birtist í Dagblaðinu fyrir stuttu. Þegar lestri hennar er lokið, læðist að manni sá grunur að unglingar á aldrinum 13-16 ára hljóti að vera óvenju skemmtilegir, því allir sækjast eftir þeim í vinnu. En skildu vera einhverjar aðrar orsakir að baki þessum vinsældum þeirra? Já, þegar betur er að gáð kemur í ljós að atvinnurekendur geta farið með þá eins og þeim sýnist og borga þeim smánarkaup (300-400 kr. á tímann).

Í greininni stendur m.a.: "..Ef þær (stelpurnar) fara á vélarnar eru þær kannski heldur gætnari en strákarnir".

Þarna er með öðrum orðum sagt að unglingarnir séu látnir vinna á öllum tegundum véla og þannig má ná hámarksafköstum út úr vinnu þeirra, eins og um fullorðið fólk væri að ræða. Í frystihúsum eru unglingar iðulega látnir vinna á vélum, þrátt fyrir að það sé stranglega bannað. Ekkert eftirlit er með því. Sýnir þetta vel að auðvaldsherrarnir skirrast einskis til að auka gróða sinn. Ef á sér stað við vélarnar, þá eru unglingarnir ótryggðir því þeim er bannað að vinna á þeim.

Með stofnun Kommúnistaflokks Íslands ML á sínum tíma sást loks ljós í myrkrinu fyrir verkalýð og vinnandi alþýðu, því þá hafði ekki verið til í tæp 40 ár flokkur sem barðist fyrir hagsmunum fjöldans. Flokkurinn verður þess vegna að halda uppi óvæginni baráttu gegn kúgun auðvaldsins og afhjúpa þrælkun þess á verkalýðnum. Mjög mikilvægt er að berjast fyrir hagsmunum unglinga í dag, því þeir tilheyra verkalýðnum á morgun. Þeir vinna oft allskonar störf fyrir smánarlaun.

T.d. er það þannig út á landi að flestir krakkar fara að vinna strax að meira eða minna leiti 12-13 ára gamlir við fiskvinnslustörf o. fl..

Hafa ber það að leiðarljósi sem stendur í bæklingnum "Hvað vill KFÍ/ml":

-1. Tryggt verði fullt jafnrétti til náms.

-2. Fækkað verði stórlega í bekkjum og námstyrkir svari þörf.

-3. Verklegri menntun verði skapaður hærri sess í skólakerfinu.

-4. Pólitísk starfsemi verði leyfð í skólum.

-5. Meistarakerfi iðnmenntunar verði afnumið og iðnnemum tryggður fullur réttur í sveinafélögunum.

-6. Ríki og sveitarfélög sjái æskufólki fyrir nægri vinnu sem ekki sé ofviða líkamlegri getu þeirra.

-7. Fjárveitingar ríkis og sveitarfélaga verði stórauknar til að koma upp nægri og ókeypis tómstunda og félagsaðstöðu fyrir unglinga.

Baráttukveðjur Þorpari.

UNDANSLÁTTUR OG EFTIRGJAFIR VERKALÝÐSFORYSTUNNAR

Framhald af forsíðu

eigendum yrði veitt undanþaga til útskipunar. Og það var eins og við manninn mælt, atvinnurekendur gengu á lagið, hótuðu verkbönnum og fengu undanþágu hver á fætur öðrum.

Þegar þessi grein er skrifuð hefur verið gefin undanþága á fimm stöðum á landinu og nú spyrja menn Guðmund að því í hverju styrkur útflutningsbannsins felist þegar framleiðslugreinarnar stöðvast ekki og aldrei var ætlunin að þær stöðvuðust.

Þess má geta að á meðan allt þetta gengur yfir í verkalýðsmálum hefur verið haldinn félagsfundur í fæstum verkalýðsfélögum og t.d. ekki í Dagsbrún þar sem Guðmundur er varaformaður og annar Alþýðubandalagsmaður, þingmaðurinn Eðvarð Sigurðsson er þar formaður.

Þannig er á komið um lýðræðislega ákvörðunartekt í því verkalýðsfélagi, sem og fleirum sem eru undir járnhæl samtryggingarkerfis þingflokkanna.

"ÉG HEF ÞAÐ FRÁ FYRSTU HENDI"

Framhald af baksíðu

rýni á náungann heldur líta einnig í eigin barm. En það finnst kannski sumum vera nærgöngul, óþörf og móðgandi athugasemd. Hver veit?

Að frá sjónarmiði leikmanns er "Slúðrið" vel leikið, unnið og lýst, svo sómi er að og engin ástæða til annars en hvetja fólk til að sjá sýninguna. Hér verður ekki dæmt um hvern einstakan leikara, slíkt hlýtur að byggjast á persónulegu mati hvers og eins og verða því nógir um það. En hverju sem því líður eru hinir fyrrverandi leiklistarnemendur vel að því komnir að útskrifast sem leikarar. "Það er alveg áreiðanlegt".

/ghb

MÓTMÆLI VEGNA VEISLUHALDA ÞINGMANNA

Framhald af síðu 2

"Hér er um einskæða sóun á skattfé almennra launamanna að ræða. Nær væri að verja slíkum fjármunum til að greiða umsamdar vísitölubætur á laun.

Á meðan "of miklu" kaupi þeirra lægst launuðu er kennt um þann efnahagsvanda, sem við er að etja, sóa embættismenn fé almennings í einskis verða hluti."

Nú er það svo, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem veislur eru haldnar fyrir ýmis konar forréttindahópa í þessu þjóðfélagi. En verkafólki er að verða nóg boðið af ranglætinu í þjóðfélaginu. Á meðan borgarastéttin og fylgisveinar hennar sóa skattfé alþýðunnar í át- og drykkjuveislur handa sjálfum sér, lætur hún semja lög á alþingi, sem fela í sér talsverða kjaraskerðingu fyrir vinnandi fólk.

Samþykktir verkamanna að Sigöldu og í álverinu sýna ljóslega fram á, að fyrir hendi er samstaða meðal verkalýðsstéttarinnar um að berjast gegn þessum kaupránslögum. Þessa samstöðu þarf að notfæra og berjast af fullri hörku gegn kaupránslögunum þar til þau hafa verið numin úr gildi.


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
17. tbl. Þriðjudagurinn 25.4. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R


Eftir sprengjuárásir Ísraelsmanna

Yasser Arafat: „Hanoi palestinsku byltingarinnar..."

Framhald af forsíðu

"Það er örugg staðreynd, það sem hinn myrti leiðtogi okkar Kamal Jumblatt og LNM hafa sagt: "Hér eru hjörtu okkar - gerum þau að Hanoi palestínsku byltingarinnar". Ég segi við ykkur bræður mínir, að hjörtu ykkar eru enn hin sanna Hanoi byltingarinnar í þessu arabalandi".

Síðan sagði Arafat: "Orustan er grimm og hættuleg, en henni er ekki aðeins beint gegn okkur og LNM. Við höfðum báðir tekið þá ákvörðun fyrir dauða Jumblatts að leyfa samsærinu ekki að ná tökum á þessu svæði og því munum við berjast til að hrinda árás þess.

Þessi árás hefur sýnt veikleika araba og afhjúpað samsæri bandarísku heimsvaldastefnunnar og síonistanna. En við ítrekum við þá sem hafa völd og áhrif á landsvæðum araba að þetta samsæri mun ekki fá að sigra...".

Arafat sagði einnig að orustan myndi aðeins styrkjabyltvarnarmálaráðherra hans reyna að láta líta svo út að aðgerðum hafi verið hætt. En ég tilkynni hér með að aðgerðum er haldið áfram og að líbanski hermaðurinn og palestínski vopnabróðir hans eru að auka við heiður og göfugleika arabaþjóðarinnar hér á þessum stað sem er okkur svo kær og sem við munum verja af lífi og sál".

Bandarískir Phantomar og Skyhawkar drepa óbreytta borgara í Ouzai og annars staðar í Suður-Líbanon. En einn grundvallarveruleiki heldur áfram að vera til: Að þeir munu aðeins komast áfram yfir okkur dauða og að palestínska byltingin og LNM munu ekki leyfa samsærismönnum að starfa í friði, né heldur að stofnað verði heimaland fyrir einangrunarsinna í Suður-Líbanon".
inguna og LNM og hann bætti við: "Byltingin og PLO munu semja við Begin á einu tungumáli sem byltingarsinnar í heiminum skilja, tungumáli byssunnar".

„Ég hef það frá fyrstu hendi"

Stéttabaráttan hefur það frá fyrstu hendi og selur það ekki dýrara en hún keypti það:

Að 4. bekkur H í Nemendaleikhúsinu hefur nú hafið sýningar á leikritinu "Slúðrið" eftir Flosa Ólafsson.

Að leikritinu er leikstýrt af Þórhildi Þorleifsdóttur og að Messíana Tómasdóttir sá um leiktjaldagerð og búninga. Og eins og þeirra var von og vísa unnu þær verk sín af stakri prýði.



Að leikverkið "Slúðrið" er lítið dæmi um hughyggjulegt eðli söguburðar, orsakir hans og afleiðingu.

Að slúður, jafnvel þó fótur sé fyrir því, breytist skaðlegan róg og níð um þann sem slúðrið beinist að, sökum eðlis þess og þess forms sem er birtingarmynd söguburðarins s.s. baktjaldamakk og huglægir sleggjudómar.

Að söguburður er pólitísk aðferð ærumorðingjans, hvort sem hún er honum meðvituð eða ómeðvituð, sem vegur aftan að fórnarlambi sínu.

Að söguburður á ekkert skylt við opinskáa og uppbyggilega gagnrýni sem miðast að því að styrkja siðferðisþrek manna og leiðrétta mistök þeirra.

Að það að stunda söguburð er almennt einkenni aðgerðaleysingja og þeirra sem hafa lítinn hugmyndafræðilegan og pólitískan þroska, lifa menningarsnauðu lífi og eru lítt móttækilegir fyrir framsæknum hugmyndum og róttæku starfi.

Að í "Slúðrinu" kemur skýrt fram hlutur "Síðdegisblaðsins" sem skrifar um það sem almenningur "vill" heyra og almannarómur "vill" ræða. Þar eru fréttir gerðar "læsilegri", staðreyndir tilfærðar, smáatriði gerð að aðalatriðum, alið á borgaralegri hugmyndafræði og ráðist gegn fræðikenningum verkalýðsins.

Að í "Slúðrinu" er sýnt fram á "sannleiksást" embættismanna, sem tilbúnir eru að fórna þeim grunaða, grunaða um að vera grunaðan eða þá þeim saklausa á altari gráðugrar sorpblaðamennsku og hins óseðjandi almannaróms.

Að "Slúðrið" er nýstárlegt, fyndið og hefur boðskap fram að færa. Kannski er ástæða til að benda fólki á að líta ekki eingöngu á verkið sem gagn-

Framhald á síðu 3

MEGINKRÖFUR Í SAMEIGINLEGUM AÐGERÐUM BARÁTTUEININGAR OG RAUÐRAR VERKALÝÐSEININGAR 1. MAÍ.

-Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.
-Fullar vísitölubætur mánaðarlega.
-Gegn stéttasamvinnustefnunni.
-Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.
-Virka og lýðræðislega verkalýðshreyfingu.
-Opnar samningaviðræður.
-Virkjum fjöldann í baráttunni.
-Fullan samnings- og verkfallsrétt BSRB.
-Hrindum árásum á samnings- og verkfallsréttinn.
-Launataxtana í gildi.
-Til baráttu gegn gerðardómum og vinnulöggjöf auðvaldsins.
-Gegn atvinnuleysi og verðbólgu - látum auðvaldið borga.
-Ódýrt leiguhúsnæði á félagslegum grundvelli.
-Verkfallsrétt fyrir iðnnema.
-Næga sumarvinnu fyrir unglinga.
-Gegn allri heimsvaldastefnu.
-Sovétríkin út úr Tékkóslóvakíu.
-Styðjum frelsisbaráttu í S-Afríku og Zimbabwe.
Styðjum frelsisbaráttu erítrea.
-Gegn nýlendukúgun Dana í Færeyjum og áGrænlandi.
-Niður með sionosmann - Lifi frjáls Palestína.
-Jafnrétti til náms.
-Námslán nægi til framfærslu.
-Gegn vísitölubindingu námslána.
-Lifi samstaða námsfólks og verkafólks.
-Kvennabarátta á grundvelli stéttabaráttu.
-Atvinnuöryggi fyrir alla.
-Sömu laun fyrir sömu vinnu.
-Næg og ókeypis dagvistunarheimili.
-Sjálfsákvörðunarrétt til fóstureyðinga.

Sérkröfur Kommúnistaflokksins eru:
-Eining og starf á grundvelli stéttabaráttu.
-Gegn útþebslu og drottnunarstefnu Sovétríkjanna.
-Styðjum PLO


Frá undirbúningsfundi að stofnun samtaka leigjanda.

Leigjendur til starfs

Á undirbúningsfundi fyrir stofnun samtaka leigjenda, sem haldinn var 12. apríl, voru stofnaðir nokkrir starfshópar sem vinna skulu að ýms um verkefnum sem stuðlað geta að sem mestum slagkraft samtakanna. Flest þau mál sem hóparnir munu fást við eru um upplýsingasöfnun, enda varla hægt að ákveða á þessum undirbúningafundi hvaða afstöðu hin tilvonandi samtök muni taka í hinum ýmsu afmörkuðu málum. Til þess að gera þessi samtök sem fyrst fær um að móta heilsteypta stefnu í hinum ýmsu hagsmunamálum leigjenda, er nauðsynlegt að sem bestar upplýsingar liggi fyrir um öll þau mál sem varða leigjendur. Auk upplýsingaöflunar voru starfshópunum falin nokkur bein framkvæmdarverkefni. Stofnfundur samtaka leigjenda var áætlaður í byrjun maí.

Stéttabaráttan vill hvetja lesendur sína til að taka þátt í starfi hópanna, eða koma málum á framfæri við þá. Upplýsingar um hvernig hægt sé að komast í samband við þá er m.a. hægt að fá í Rauðu Stjörnunni sími 27810. Starf hópanna er sem hér segir:

Starfshópur sem geri uppkast að leigusamningi, sem opinberir aðilar gefi út. Hópurinn gefi sérstaklega gaum að uppsagnarákvæðum.

Starfshópur sem kanni hvar leiguhúsnæði sé helst að finna í Reykjavík, hverjir séu leigusalar fyrir utan Reykjavíkurborg og hvert sé verð á leiguhúsnæði í borginni og annars staðar. Einnig hvernig fyrirframgreiðslu sé háttað og hvort löglegt sé að taka á þann hátt vaxtalaust lán hjá leigjendum.

Starfshópur sem kanni hvernig leiguhúsnæði skuli metið með tilliti til aðbúnaðar og þæginda, í hlutfalli við íbúð í besta ástandi. Ath. Fasteignamat ríkisins.

Starfshópur sem kannar sérstaklega leiguhúsnæði Reykjavíkurborgar, hvar leiguíbúðirnar séu, í hvernig ástandi, leiguverð, tekjur leigjenda, hverjir séu leigusalar þess húsnæðis sem borgin endurleigir, hvernig húsaleigustyrkjum sé háttað hjá Félagsmálastofnun og fleira er snertir Reykjavíkurborg.

Starfshópur sem vinni að því að koma strax inn í skattalög ákvæðum sem geri húsaleigu frádráttarbæra til skatts.

Starfshópur sem kanni hvar og hversu algengt heilsuspillandi húsnæði sé í borginni, hverjir séu eigendur þess, hver séu lög og eftirlit með slíku húsnæði og hvaða sjúkdómar tengist því.

Starfshópur sem kanni möguleika á verðbindingu á leigu og eftirlit með lögum sem um leigumál kunna að verða sett. Hópurinn beri saman ástand leigumála hérlendis og erlendis og ræði um leigunám og útburð á leigjendum.

Starfshópur er taki fyrir sögulega þróun í húsbyggingarmálum, kosningaloforð og afstöðu verkalýðshreyfingarinnar.

Starfshópur er athugi hvað verkalýðshreyfingin geti gert til að flýta byggingu ódýrs leiguhúsnæðis.